

52. fundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðarhverfis haldinn í Glerárskóla 6.12.2011.

Mættir: Berglind Rafnsdóttir, Brynja Sigurðardóttir, Óskar Ingi Sigurðsson og Guðmundur Geirsson.

Fundarefni.

Lögð fram breyting á fundarsköpum.

Berglind formaður mælti fyrir breytingu á skipulagi fundanna. Fundargerð síðasta fundar verður lesin upp í byrjun hvers fundar. Samþykktu allir fundarmenn þessa breytingu.

Svör við erindi hverfisnefndar til framkvæmdamiðstöðvar Akureyrarbæjar.

Ræddu nefndarmenn svör framkvæmdadeildar við fyrirspurnum okkar og má sjá hér að neðan svör í stuttu máli sett við spurningunum af ritara með rauðum lit.

- 1) Skilti vantar í Langholt sem vekur athygli gangandi vegfarenda á undirgöngum undir Hörgárbraut. **Erindi vísað á Vegagerð.**
- 2) Skilti vantar einnig í Skarðshlíð við gatnamótin við Undirhlíð sem sýnir að ef ekið er áfram í suðurátt þá lenda ökumenn í botnlanga. Fólk með hjólhýsi sem kemur keyrandi frá Hamri lendir oft í vandræðum vegna þessa. Þá mætti vera skilti á þessum gatnamótum sem leiðbeinir ferðamönnum leiðina í miðbæinn. **Lokið.**
- 3) Snjómokstur á gangstéttum meðfram leikskólunum Hlíðarból og Holtakot hefur ekki verið sem skyldi og hefur snjór oft hindrað gangandi vegfarendur í að nota gangstéttina. **Í vinnslu.**
- 4) Gangstétt sem liggur meðfram Undirhlíð frá hringtorgi og upp að Skarðshlíð nær ekki alla leið og liggur þá leið gangandi fólks að gangstíg í gegnum skógarrjóður sem er fyrir neðan blokkina Skarðshlíð 18-22. Þessi stígur verður oft forarsvað t.d. í rigningu og spurning hvort eigi að laga hann eða að klára stéttina svo hún tengist gangstéttinni í Skarðshlíð?
Ekki á fjárhagsáætlun næstu þriggja ára.
- 5) Vakin var athygli á því að merkja þurfi gangbraut við enda gangstéttar á horni Sunnuhlíðar og Skarðshlíðar. Þeir íbúar smáir sem stórir sem koma gangandi í norður fyrir neðan verslunarmiðstöðina Sunnuhlíð og ætla t.d. í Seljahlíð eða Steinahlíð verða stopp þarna á gatnamótunum, margsinnis hefur sést til barna sem hlaupa þarna beint yfir götuna og oft á tíðum legið við slysi. **Í vinnslu.**
- 6) Það vantar að merkja gangbrautir víða í hverfinu til dæmis í tengslum við leið barna í skóla.
Í vinnslu.

Fyrirspurn hverfisbúa varðandi umsjón á ljósastaurum á bílaplani við Einholt.

Nefndarmenn ræddu þetta og voru sammála um að þetta væri mál íbúanna í raðhúsinu og mun nefndarmaður koma ábendingum til íbúa í raðhúsinu um það hvert skal leita svara. Að svo stöddu er þetta erindi úr höndum nefndarinnar.

Tilkynning um auglýsingu á deiliskipulagstillögu fyrir Óseyri sunnan Krossanesbrautar.

Tölvupóstur sendur hverfisnefnd 11.11.2011 og svar sent til baka 15.11.2011 með engum athugasemdum frá hverfisnefnd.

Viðtalstímar bæjarfulltrúa í Glerárskóla.

Nefndarmenn rifjuðu upp hvenær bæjarfulltrúar yrðu með viðtalstíma hér í hverfinu og samkvæmt heimasíðunnar akureyri.is er hann 10. maí 2012 og munu bæjarfulltrúarnir Geir Kristinn Aðalsteinsson og Guðmundur Baldvin Guðmundsson verða þá til viðtals.

Leikvellir í hverfinu okkar.

Ræddu nefndarmenn almennt um leikvelli í hverfinu. Sérstaklega var þó rætt um leikvöllinn sem stendur við Lönguhlíð og munu nefndarmenn senda fyrirspurn til framkvæmdardeildar hvort það eigi að laga hann eða leggja hann af. Finnst nefndarmönnum sem hann hafi „gleymst“ í viðhaldi bæjarins á leikvöllum bæjarins.

Ekki fleira rætt að svo stöddu.

Næsti fundur hverfisnefndar verður 3. janúar 2012 kl. 18:00 í Glerárskóla.

Ritað 6. desember 2011
Brynja Sig.